

Heimilislegur Schubert

GEISLADISKUR

Sónötur eftir Schubert í flutningi Eddu Erlendsdóttur pianóleikara.

★★★★★

Útgefandi: Erma

Ég hitti einu sinni leikkonuna Scarlett Johanson. Ég varð svo feiminn og yfirþyrmdur að ég kom ekki upp orði, og hugsaði bara um það hvað ég væri í ljótum bol. Það er því vel hægt að ímynda sér hvernig tónskáldinu Franz Schubert leið þegar hann hitti Beethoven. Schubert dáði hann mjög og flúði því æpandi af vettvangi, eða svo er sagt. Beethoven var nokkru eldri, og þegar hann lést var Schubert kyndilberi í jarðarförinni. Hann sjálfur varð ekki gamall, aðeins 31 árs, og er hann fann dauðann nálgast það hann um að vera jarðaður við hlið meistarans. Honum varð ósk sinni.

Litli sveppur

Mörgum árum síðar voru jarðneskar leifar tónskáldanna færðar á betri stað, og við það tækifæri voru þær rannsakaðar. Í ljós kom að höfuðkúpa Beethovens var þykk og sterkleg, en hin fingerð, nánast eins og í konu. Schubert var ekki hár í loftinu, og var oft kallaður „litli sveppur.“ Heilt yfir er tónlist Schuberts mildari og ljóðrænni en sú sem Beethoven samdi, þó vissulega séu undantekningar. Hún er dásamlega fögur, laglínurnar eru himneskar og flæðið í tónlistinni innblásið og grípandi.

Fyrir skemmstu kom út geisladiskur með Eddu Erlendsdóttur pianóleikara, þar sem hún flytur

þrjár sónötur eftir Schubert. Nánar tiltekið eru það sónötur í As-dúr D. 557, Es-dúr D. 568 og a-moll D. 537, allar samdar þegar tónskáldið var tvítugt.

Í rétta andanum

Skemmst er frá því að segja að leikur Eddu er prýðilegur. Hann er léttur og fingerður í takt við tónlistina, kraftmikill þegar við á, en samt alltaf tempraður. Heildarmyndin er dálitið innhverf, á einhvern sjarmerandi hátt, jafnvel þótt tónlistin sé full af æskufjöri. Enga tilgerð er að finna í spíla-mennskunni, hún er blátt áfram og heiðarleg. Flutningurinn er í hvívetna í samræmi við óskir tónskáldsins, ávallt í rétta, rómantíska andanum.

Edda mótar laglínurnar fallega. Schubert samdi alls konar verk, en ljóða-sönglögin hans eru í sérflokk. Þau eru um 600 talsins, hann var bókstaflega sísemjandi. Einu sinni samdi hann átta lög á einum sólarhring. Þessi ljóðræna stemning er líka í verkunum fyrir hljóðfæri eingöngu, eins og til dæmis hér. Edda spilar melóðurnar þannig að þær eru fullkomlega eðlilegar. Það er eins og þær verði til á því augnabliki sem þær eru leiknar.

Tæknilaga séð er leikurinn skýr og jafn, og hendingar fagurlega mótaðar og smekklegar. Hljómurinn í pianóinu er mildur og hlýr, sem gefur heildarmyndinni notalega heimilislegan brag. Það er þægilegt að hafa þennan geisladisk á fóninum, líkt og Edda sjálf sé í stofunni að spila fyrir mann. Góðar stundir!

Jónas Sen



Fjölbreytnin í þráðlist

Um 60 verk sem flokkast til vefnaðar og þráðlistar eru á sýningu í Listasafni Íslands. Náttúran er listamönnunum hugleikin. Dagný Heiðdal og Harpa Þórsdóttir eru sýningarstjórar.

Kolbrún

Bergþórsdóttir

kolbrunb@frettabladid.is



Listasafn Íslands er opið og þar er vandlega gætt að sóttvörnum. Listþráðir er yfirskrift sýningar sem nú stendur yfir. Þar eru til sýnis verk sem flokkast til vefnaðar og þráðlistar. Sýningarstjórar eru Dagný Heiðdal og Harpa Þórsdóttir.

„Við Harpa byrjuðum á því að skoða textílverk í safneign Listasafns Íslands og eftir það könnuðum við hvaða listamenn hafa verið að vinna með þráðinn í skúlptúr og öðrum verkum, sem venjulega eru ekki flokkuð sem textílverk. Við fórum að hugsa meira um þráðinn, það sem er saumað, heklað, ofið, hnytt og þæft,“ segir Dagný. „Við fundum mikið af efni í safneigninni og öðrum söfnum og skoðuðum bækur og aðrar heimildir. Á endanum var þetta orðið ótrúlega mikið magn af verkum þannig að það var þrautinni þyngra að velja verk á sýninguna. Hátt í 300 verk komu til greina og um 60, eftir 37 listamenn, voru valin á þessa sýningu.“

„Með sýningunni erum við að draga fram fjölbreytnina í þráðlist. Verkin eru bæði unnin á hefðbundinn hátt og í frjálsari og opnari miðla. Nefna má Hildi Bjarnadóttur sem ógrar kvennalistinni og handverkinu með því að hekla verk sem eru ádeiluverk en um leið hugljúf, segir Harpa.

Í ár er aldarafmæli Ásgerðar Búa-dóttur sem var frumkvöðull í textíllist hér á landi. Fimm verk eftir hana eru á sýningunni. „Aldarafmæli hennar gaf tilefni til að horfa sérstaklega til vefnaðar og þráðlistar. Ásgerður var viðurkennd sem abstrakt myndlistarmaður. Það má segja að kvennabaráttan og baráttan fyrir því að textillist yrði viðurkennd sem myndlist, hafi haldist í hendur. Þegar ég spurði konur sem eiga verk á þessari sýningu hvort



Dagný Heiðdal og Harpa Þórsdóttir eru sýningarstjórar. FRÉTTABLAÐID/VALLI



Verk eftir 37 listamenn eru á sýningunni í Listasafni Íslands.



VIÐ ERUM AÐ SÝNA FJÖLBREYTNINA OG GRÓSKUNA OG UNDIRSTRIKA HVERSU MARGIR UNGIR LISTAMENN VINNA MEÐ ÞRÁÐ.

Ásgerður hefði verið þeim fyrirmynd sögðu þær að það hefði skipt máli fyrir þær að Ásgerður leit alltaf á sig sem myndlistarmann,“ segir Dagný.

Dagný segir að sýningin sýni að ákveðin þemu séu listamönnunum hugleikin. „Þar er náttúran áber-

andi, einnig samband manns og náttúru og svo auðvitað maðurinn sjálfur. Kvennabaráttan endurspeglar sömuleiðis í mörgum verkanna, og þar má sem dæmi nefna verk Hildar Hákonardóttur og Sigrúnar Sverrisdóttur.“

„Með þessari sýningu er ekki verið að sýna línulega þróun textílsögu,“ segir Harpa. „Við erum að sýna fjölbreytnina og gróskuna og undirstrika hversu margir ungir listamenn vinna með þráð. Það er tímanna tákni að textillistin krefst gríðarlegrar færni og er tímafrek.“

Leikur í Árbæjarsafni

Borgarsögusafn hvetur fjölskyldur til að njóta útiveru í fallegu umhverfi Árbæjarsafns og Viðeyjar í haustfríi grunnskólanna, sem stendur til 26. október, og virða fyrir sér safnhúsin, listaverkin og náttúruna.

Í tilefni af haustfríinu hefur verið settur upp skemmtilegur leikur á safnsvæði Árbæjarsafns. Leikurinn gengur út á að finna alls átta miða í gluggum sex safnhúsa. Á miðunum er

skemmtilegur fróðleikur um Ísland fyrr á tímum. Þegar gestir hafa lesið alla átta miðana er næsta skref að fara á Facebook-síðu safnsins og svara þar nokkrum lauflettum spurningum.

Um helgina er síðan um að gera að taka Viðeyjarferjuna frá Skarfabakka en hún siglir þrisvar á dag á laugardögum og sunnudögum kl. 13.15, 14.15 og 15.15. Síðasta ferjan til baka fer kl. 16.30. Í Viðey er góð aðstaða til skemmtilegrar útiveru.

600 klst

TALSETT BARNAEFNI

AÐEINS

3.990 kr./mán



MARAFON

Tryggðu þér skemmtilegri vetur á **stod2.is**

